



**ÁVARP
FORSETA ÍSLANDS
GUÐNA TH. JÓHANNESSONAR
Á FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Í VESTURBYGGÐ
PATREKSFIRÐI 3. OKTÓBER 2016**

Góðir áheyrendur

Mér er það mikil ánægja að sækja ykkur heim hér í Vesturbyggð. Sú gleði er líka sérstök að því leyti að við hjónin erum nú í okkar fyrstu opinberu heimsókn innanlands. Og þessi hluti landsins varð fyrir valinu meðal annars vegna þess að hingað á ég ættir að rekja. Eins og þið eflaust vitið er Eliza kanadísk að uppruna svo að við þurftum ekki að leiða hugann að því að byrja á hennar ættarslóðum.

Mig langar til þess að líta um öxl með ykkur í kvöld frá mínum eigin sjónarhóli, staldra svo við í samtímanum og horfa loks fram á veg, sjá sóknarfærin, áskoranirnar og úrlausnarefnin sem bíða í okkar óvissu framtíð.

Föðurafi minn, Sæmundur Jóhannesson, fæddist að Vaðli á Barðaströnd árið 1908. Tveimur árum síðar fórst faðir hans með Gyðu frá Bíldudal. Þá varð hart í búí, ekkjan ein með ungan son og ófrísk að öðrum dreng. Hún flutti með börnin bæ af bæ, naut aðstoðar og góðmennsku en strákarnir urðu að leggja hart að sér og skólasóknin var stopul. Ekki var þó kvartað og að því kom að Sæmundur keypti við annan mann hús hér á Patreksfirði, „Gamla pósthúsið“ sem svo var nefnt.

Til að gera langa sögu stutta kvæntist Sæmundur Sigurveigu Guðmundsdóttur og hófu þau búskap í Reykjavík en fluttu árið 1942 vestur á Patreksfjörð, þjuggu í húsinu Ráðagerði. Þá var faðir minn Jóhannes frumburður þeirra tveggja ára og hér sleit hann barnsskónum. Í aðdraganda forsetakjörs í sumar kom ég hingað vestur og þótti þá vænt um að heyra frásagnir fólks sem mundi eftir þabba hér.

Í endurminningum sínum segir amma Sigurveig frá árunum vestra. Það verður víst að segja hverju sögu eins og hún er. Fyrst um sinn festi hún ekki yndi hér. Ægilegt fannst henni fjallið svart, fásinnið algert, byggðin föst í fornum venjum, skýr munur gerður á almúga og yfirstétt.

En síðan vænkaðist hagur ömmu. Í minningum hennar segist henni svo frá:

Það lagaðist ... allt þegar mér var boðið að ganga í Slysavarnarfélagið [Unni] og fékk þannig aðgang að kvennahópnum í þorpinu. ... Slysavarnarfélögin voru og eru mjög merkur félagsskapur og kvennadeildir þeirra hafa gert konum kleift að afla sér félagslegrar reynslu og þroska.

Afi Sæmundur sigldi nær öll stríðsárin til Englands. Góður vinur hans lést í árás þýsks kafbáts á línuveiðarann Fróða. Þetta voru ár ótta og óvissu. Síðan var gleðin ósvikin þegar menn sneru aftur heilir á húfi, oftast en ekki með glæsilegan varning og nauðsynjar að utan. Gefum ömmu aftur orðið:

Einu sinni var Slysavarnarfélagshátíð á Patreksfirði og í samkomuhúsinu var lagt á borð fyrir tvö hundruð manns. Allur borðbúnaðurinn var úr ekta silfri og matarstellin úr fínasta postulíni. ... Með Englandssiglingunum tók þorpið á sig ákveðinn blæ – það var í beinum tengslum við hinn stóra heim.

Föðurforeldrar mínir fluttu síðan suður nokkrum árum eftir stríðslok. Ég rek þessa sögu til að útskýra tengsl mín við byggðarlagið en líka til að leggja áherslu á tvöna tíma. Fátæktin gat verið sár, stéttaskiptingin sömuleiðis. Einangrunin þrúgandi og gleymum ekki ógnum stríðsins.

Samt gat lífið líka verið ljúft. Þau afi og amma voru hamingjusöm. Fólk gerði sér dagamun og lyfti sér á kreik. Útvegurinn var undirstaðan. Þar skiptust á skin og skúrir en til lengri tíma litið horfði allt til betri vegar. Frystihús risu, skuttogarar komu og samgöngur skánuðu. Fram til 1980 eða svo fjölgaði að jafnaði íbúum á Patreksfirði og Bíldudal og í nágrennabyggðum.

Um þær mundir urðu hins vegar þáttaskil. Seint á níunda áratug síðustu aldar samdi Bubbi Morthens lagið þekkta, „Aldrei fór ég suður“, um þann sem var kyrr meðan aðrir héldu á brott:

Ég hugsa oft um börnin mín,
bráðum kemur að því
að þau bíða ekki lengur, þau fara,
hér er ekkert sem heldur í.

„Ekkert sem heldur í.“ Hafa aftur orðið tímamót? Síðustu ár hefur fólkinu fjölgað á ný. Sameiningin í Vesturbyggð árið 1994 styrkti samfélagið hér. Framhaldsdeild Fjölbrautaskóla Snæfellinga, sem stofnuð var fyrir tæpum áratug og við heimsóttum fyrr í dag, skipti líka máli eins og einn bæjarfulltrúinn lýsti svo vel í blaðaviðtali fyrir nokkrum árum: „Það þarf vart að fjölyrða um þau áhrif sem þessi starfsemi hefur haft á samfélagið á svæðinu. Áður horfðu íbúar upp á heilu fjölskyldurnar taka sig upp til að fylgja eftir börnum sínum á framhaldsskólaaldri, en nú er það orðinn raunverulegur valkostur að stunda námið heima.“

Félagslíf virðist líka blómlegt. Íbúar af erlendum uppruna, einkum pólskum, setja sinn alþjóðlega og jákvæða svip á byggðarlagið. Leikfélög starfa, íþróttir eru stundaðar af krafti og Slysavarnadeildin Unnur öflug sem fyrr. Þá hefur þekkingarsetrið Skor skapað nýja vídd í atvinnulífinu og ferðamennska vex að umfangi. Norðar á Vestfjörðum er lag Bubba orðið að heiti vinsællar tónlistarhátíðar sem laðar að fjölda manna. Hér á Suðurfjörðunum eru ýmis tækifæri, náttúran stórbrotin og jafnvel kostur að vera ekki í alfaraleið. Margir ferðamenn kjósa helst slíka staði og geta þá meðal annars gist í Ráðagerði eða á fínu hóteli sem áður var frystihús.

Sem fyrr eru það þó auðlindir hafsins sem varða íbúa mestu. Þar virðist blása byrlega. „Háseta vantar á bát“; þá kunnuglegu auglýsingu má lesa þessa dagana á heimasíðu Vesturbyggðar. Það var fróðlegt að eiga þess kost að heimsækja fyrr í dag öflug atvinnufyrirtæki hér á Patreksfirði og skynja ríkan metnað til að treysta stoðir til langrar framtíðar, finna nýjar leiðir til að laða hingað fjölhæft og vel menntað fólk. Ekki var síður gaman að spjalla við yngstu íbúana, á þeim var enginn bilbugur, tengslin við heimaslóðir öflugt veganesti inn í framtíð sem er full af fyrirheitum.

Já, framtíðin. Hvernig blasir hún við? Við getum reynt að rýna í hana en líklega er best að staðkunnugir hafi þá orðið frekar en gesturinn. Á íbúáþingi Vesturbyggðar fyrr á þessu ári horfðu þátttakendur fram á veg. Ég get aðeins stiklað á stóru hér en svona sáu menn byggðarlagið fyrir sér eftir 20 ár, árið 2036:

Umhverfið

Náttúrufegurð svæðisins nýtur sín, hafið, fjöllin, fuglarnir og kyrrðin. Stofnaður hefur verið þjóðgarður á Látrabjargssvæðinu. Vesturbyggð er umhverfisvænt sveitarfélag og í fararbroddi á Íslandi. ... Sátt og jafnvægi ríkir milli uppbyggingar ferðaþjónustu og umgengni um náttúruna og samhliða þjóðgarðinum starfa öflug ferðaþjónustusamtök.

Atvinnulífið

Atvinnulíf í Vesturbyggð er sterkt og fjölbreytt störf í boði sem henta bæði körlum og konum. Byggt er á fjölbreyttum auðlindum svæðisins, þ.m.t. heitu vatni. Sjávarútvegurinn er öflugur og hafnirnar fullar af fiskiskipum, stórum sem smáum og gámaskip koma og fara. Fiskeldi er orðið ein af undirstöðuatvinnugreinum svæðisins og „Bíldudals bleiki laxinn“ er seldur víða um heim. Á svæðinu er miðstöð fyrir rannsóknir á fiski, sem býður störf fyrir fólk með háskólamenntun.

Samfélagið

Bæirnir hafa teygt úr sér og stækkað. Íþróttalíf er í blóma og byggir á samstarfi alls svæðisins. Skólastarf er gott og við skólana starfa menntaðir kennarar á öllum skólastigum. ... Vesturbyggð [er] með samfellda heilbrigðisþjónustu frá vöggu til grafar. Mannlíf og menningarlíf er gott og með samvinnu hefur heimamönnum tekist að styrkja stöðu Vesturbyggðar í samkeppni um fólk og fyrirtæki. Gleðin er við völd! ...

Samgöngurnar

Aðgengi að Vestfjörðum í lofti og á láði er til fyrirmyndar allt árið um kring. Bundið slitlag er á öllum vegum í sveitarfélaginu. Göng hafa leyst fjallvegi af hólmi á Hálfván, Mikladal og Kleifaheiði og yfir á Rauðasand. Boðið er upp á reglulegar strætóferðir milli bæjarkjarna. Vægi strandflutninga er mikið og fjarskipti eins og þau gerast best.

Af hverju getur þetta ekki gerst? Við lifum á öld hraðans, allt gerist örar en áður. Fjarlægðir minnka, atvinnulífið verður sífellt fjölbreyttara. Á einni öld hefur mannlífið gerbreyst og að mestu til batnaðar. Leyfum okkur að vona, finnum aflið vaxa í samstöðu, bjartsýni, kappi og metnaði. Þegar Slysavarnardeildin

Unnur fagnaði aldarfjórðungsafmæli árið 1959 orti Bragi Thoroddsen ljóð sem hófst með þessu erindi sem ég læt vera lokaorðin hér. Um leið þakka ég ykkur öllum fyrir þá velvild og hlýhug sem þið hafið sýnt mér og Elizu í okkar fyrstu opinberu heimsókn.

Fögnum í dag, en munum tíma tvenna,
tengjum því hendur undir glæstu merki.
Enn skulu fleiri bjartir vitar brenna
betur skal hlúð að hverju og einu verki.
Áfram skal halda, fram til dýrra dáða
djörfung og þróttur öndveginu ráða.